



Borgarráð  
Ráðhús Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

### **Samþykkt velferðarráðs um niðurfellingu reglna um styrki til áfangaheimila**

Á fundi velferðarráðs þann 1. febrúar 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra um niðurfellingu reglna um styrki til áfangheimila:

Lagt er til að reglur Reykjavíkurborgar um styrki til áfangaheimila frá 16. desember 2008, sem borgarstjórn samþykkti að leggja niður á fundi 6. desember 2022, falli úr gildi 1. apríl 2023.

Tillagan var samþykkt. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalístaflokks Íslands og Flokks fólksins sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Upphaflegt markmið reglna um styrki til áfangaheimila var að jafna stöðu íbúa á áfangaheimilum við aðra sem geta sótt um húsnæðisstuðning, en sú breyting á lögum hefur orðið síðan reglur um styrki til áfangaheimila voru samþykktar í velferðarráði 16. desember 2008, að nú geta leigjendur áfangaheimila skráð þar lögheimili og sótt um húsnæðisstuðning eins og aðrir íbúar Reykjavíkur. Reglur um styrki til áfangaheimila eru því ekki nauðsynlegar með sama hætti og áður. Mikilvægt er að rekstraraðilar fái upplýsingar um þessa ákvörðun með góðum fyrirvara svo þau geti brugðist við og sótt eftir atvikum um stuðning til velferðarráðs í gegnum styrkjapott fyrir þeirri þjónustu sem þeir veita leigutökum.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Lagt er til að reglur Reykjavíkurborgar um styrki til áfangaheimila verði lagðar niður. Flokkur fólksins minnir á skeyti sem allir borgarfulltrúar fengu nýlega frá Draumasetrinu. Þar er óskað enn og aftur eftir svörum við spurningum Draumasetursins um hvort stuðningurinn verði tekinn af Draumasetrinu og hvernig fyrirkomulagið verður í kringum þann gjörning. Í skeyti þessu er lýst mikilli óvissu um framhaldið og er það án efa hjá fleiri áfangaheimilum sem þessi breyting snertir. Óvissan er ekki aðeins fyrir rekstraraðila heldur einnig íbúa. Vel kann að vera að þessar reglur séu komnar til ára sinna en það er ekki hægt að bjóða fólki upp á að vita ekki hvað tekur við eða bíður þeirra sem treysta á úrræði af þessu tagi.

Tillagan er hér með send borgarráði.

Virðingarfyllt

Rannveig Einarsdóttir

sviðsstjóri velferðarsviðs



Reykjavíkurborg

Hjálagt:

Tillaga um niðurfellingu reglna um styrki til áfangaheimila, lögð fyrir fund velferðarráðs 1. febrúar 2023, ásamt minnisblaði um styrki til áfangaheimila.

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki til áfangaheimila, samþykktar í velferðarráði 16. desember 2008, með síðari breytingum.



## TILLAGA

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

---

### **Efni tillögu: Niðurfelling reglna um styrki til áfangaheimila**

Lagt er til að reglur Reykjavíkurborgar um styrki til áfangaheimila frá 16. desember 2008, sem borgarstjórn samþykkti að leggja niður á fundi 6. desember 2022, falli úr gildi 1. apríl 2023.

#### **Greinargerð:**

Á fundi borgarstjórnar þann 6. desember 2022 var samþykkt tillaga um niðurfellingu reglna Reykjavíkurborgar um styrki til áfangaheimila frá 16. desember 2008, sbr. tillaga SBPC-38. Þá var sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs falið að útfæra breytingarnar á kostnaðarstaði í A-hluta í samráði við hlutaðeigandi svið, sbr. tillaga SBPC-93. Með vísan til fyrrgreindra ákvarðana borgarstjórnar er nú lagt til að reglurnar falli úr gildi 1. apríl nk.

Eftir að ákvörðun liggur fyrir um tímasetningu niðurfellingar reglnanna þá munu send bréf til þeirra hagsmunaaðila/áfangaheimila sem hagræðingin snertir og tilkynnt um fyrirhuguð áform um niðurfellingu reglnanna og allar nauðsynlegar upplýsingar veittar. Þeim áfangaheimilum sem þess óska mun boðið til upplýsingafundar. Styrkir verða veittir á grundvelli reglnanna þar til þær falla úr gildi. Rekstraraðilar áfangaheimilanna eiga möguleika á að sækja um styrki úr borgarsjóði sem velferðarráð úthlutar árlega til verkefna á sviði félags- og velferðarmála.

Fylgiskjal:

*Minnisblað um reglur um styrki til áfangaheimila, lagt fyrir fund velferðarráðs 11. janúar 2023.*

## Minnisblað

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

---

### *Efni: Styrkir til áfangaheimila*

#### **1. Almenn um styrki til þriðju aðila sem reka áfangaheimili.**

Styrkir til áfangaheimila eru ákvarðaðir á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um styrki til áfangaheimila frá 2008. Í 1. gr. reglnanna er áfangaheimili skilgreint svo: *tímabundinn dvalarstaður fyrir einstaklinga sem hafa átt við áfengis- og fíkniefnavanda að stríða en eru í virkri endurhæfingu eftir meðferð. Jafnframt segir í 1. gr: „Þar geta þeir dvalið og undirbúið sig fyrir sjálfstæða búsetu. Við komu á áfangaheimilið er gerður samningur um dvöl á heimilinu þar sem sett eru markmið sem einstaklingurinn vinnur að meðan hann býr þar“.*

Það er því skilyrði samkvæmt reglunum að um sé að ræða úrræði þar sem íbúar eru í endurhæfingu eftir áfengis- eða fíkniefnameðferð, þ.e. edrú og að gerð sé markmiðadriifin einstaklingsáætlun er lýtur að endurhæfingunni á meðan búsetu stendur. Þegar fjallað er um áfangaheimili að neðan er átt við ofangreinda skilgreiningu.

Rekstraraðilar áfangaheimila geta sótt um styrki ef starfsemi þeirra samræmist ofangreindri skilgreiningu. Þá er einnig skilyrði styrkveitingar að starfsemin hafi verið í rekstri í a.m.k. 6 mánuði og að ársreikningi skuli skilað. Styrkir eru greiddir tvisvar sinnum á ári í samræmi umsóknir og eru þeir reiknaðir út frá fastri fjárhæð pr. einstakling sem nemur grunnfjárhæð húsaleigubóta hverju sinni, fjölda rýma á heimilinu, nýtingu rýma fyrra árs á heimilinu og hlutfall Reykvíkinga í nýttum rýmum á fyrra ári. Engir þjónustusamningar eru því gerðir við áfangaheimilin. Málum er blandið hvort ofangreind framkvæmd, sem felur í sér afhendingu kennitalna íbúa til velferðarsviðs, sé heppileg með tilliti til persónuverndarsjónarmiða. Sjá nánar reglur: [https://reykjavik.is/sites/default/files/svid\\_skjol/VEL/reglur\\_styrkir\\_til\\_fangaheimila\\_2012.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/svid_skjol/VEL/reglur_styrkir_til_fangaheimila_2012.pdf)

Meðfylgjandi er yfirlit yfir þau áfangaheimili sem hafa sótt um og fengið styrki árin 2020-2022.

#### **Styrkir til áfangaheimila**

	2020	2021	2022
Dyngjan áfangaheimili	1.904.384,00	2.531.507,00	902.712,00
Nýtt Takmark áfangaheimili	3.366.904,00	3.551.014,00	3.798.411,00
Betra líf	5.674.027,00	8.525.425,00	7.946.630,00
Draumasetrið	12.369.288,00	11.228.383,00	11.898.082,00
<b>Samtals</b>	<b>23.314.603,00</b>	<b>25.836.329,00</b>	<b>24.545.835,00</b>

## 2. Hagræðingartillaga velferðarsviðs.

Hagræðingartillaga sem samþykkt var í borgarstjórn 6. desember sl. leggur til að afnema reglurnar um styrki til áfangaheimila.

Grein er gerð fyrir tillögunni í fundargerð borgarstjórnar frá 6. desember sl. En þar kemur fram að þær hafi verið samþykktar í velferðarráði árið 2008 til að bregðast við ákveðinni mismunun sem íbúar áfangaheimila bjuggu við í samanburði við aðra leigjendur en útilokað var fyrir íbúa áfangaheimila að sækja um húsnæðisstuðning. Löggjafinn brást svo við því ástandi árið 2017 og reglur Reykjavíkurborgar um styrki til áfangaheimila urðu þar með óþarfar.

Hagræðingin nær jafnt til allra áfangaheimila. Hins vegar eru tvö áfangaheimili (Dyngjan og Nýtt takmark) sem eru einnig með styrki í formi innri leigu, þ.e. Reykjavíkurborg útvegar húsnæðið og velferðarsvið stendur straum af leigunni til Eignaskrifstofu borgarinnar. Ekki stendur til að breyta þeirri framkvæmd. Velferðarsvið mun skoða sérstaklega hvort ástæða sé til að gera einhverjar ráðstafanir til að jafna stöðu áfangaheimilanna í þessu tilliti.

Fjárheimild velferðarsviðs vegna styrkja til áfangaheimila er rúmlega 12 m.kr. á ári en raunveruleg útgjöld sviðsins vegna styrkjanna eru hins vegar um 25 m.kr. á ári, sbr. ofangreinda töflu.

Í hagræðingartillögu velferðarsviðs er gert ráð fyrir að reglurnar verði felldar úr gildi í júní 2023. Eftir að tillagan hefur verið kynnt í velferðarráði 11. janúar nk. munu send bréf til þeirra hagsmunaaðila/áfangaheimila sem hagræðingin snertir og tilkynnt um fyrirhuguð áform um niðurfellingu reglnanna og allar nauðsynlegar upplýsingar veittar. Þeim áfangaheimilum sem þess óska mun boðið til upplýsingafundar. Styrkir verða veittir á grundvelli reglnanna þar til þær verða felldar úr gildi.

Niðurfelling reglnanna á ekki að koma niður á leigjendum á áfangaheimilum þar sem þeir geta bæði sótt um húsnæðisstuðning og sérstakan húsnæðisstuðning en tvö áfangaheimili hafa vakið athygli velferðarsviðs á að þau neyðist til að hækka húsaleigu til leigjenda verði ekki áframhald á styrkjunum. Samkvæmt upplýsingum velferðarsviðs er húsaleiga á þeim áfangaheimilum sem hér um ræðir á bilinu 115-120 þús. kr. á mánuði fyrir herbergi/stúdíóíbúð og mun hún hækka um 10.000 kr. Leigan á einu áfangaheimilinu er 130 þús. kr.

Í hagræðingartillögunni er gert ráð fyrir að áfangaheimilum verði bent á að sækja um styrki í styrkjaþott velferðarráðs eftir að reglurnar verða felldar úr gildi í júní 2023 og þá er möguleiki fyrir þau að fá styrki fyrir veittri þjónustu árið 2024 og síðar. Það fer þó allt eftir eðli umsóknar hvort styrkur sé veittur. Sérstakur styrkjahópur velferðarráðs gerir tillögur til velferðarráðs um hvaða umsóknir beri að styrkja. Styrkjaþottur velferðarráðs er fjárhæð sem er úthlutað til velferðarráðs úr styrkjum borgarsjóðs. Opnað er fyrir umsóknir í september á hverju ári til að sækja um styrki fyrir verkefnum næsta árs. Til að fá styrk úr sjóðnum verða aðilar að sækja um fyrir verkefnum í þágu velferðarmála í samræmi við reglur sjóðsins en alla jafna eru ekki veittir styrkir til niðurgreiðslu húsaleigu og ekki rekstrarstyrkir.

Greinargóðar upplýsingar eru á heimasíðu Reykjavíkurborgar um styrkina: <https://reykjavik.is/styrkir>

## 3. Niðurlag

Það er ekki lögbundin skylda velferðarráðs/velferðarsviðs að reka eða styrkja áfangaheimili þótt hvort tveggja sé gert á velferðarsviði. Hins vegar er lögbundin skylda velferðarnefnda (velferðarráð í Rvk.) að sinna forvörnum í vímuefnamálum, að aðstoða þá sem eiga við fíknivanda að stríða við að leita sér viðeigandi meðferðar og aðstoðar og að stuðla að því að einstaklingar með fíknivanda, sem fengið hafa meðferð og læknishjálp, fái nauðsynlegan stuðning og aðstoð til að lifa eðlilegu lífi að meðferð lokinni, sbr. 49.-51. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Það er velferðarráðs að útfæra hvernig það uppfyllir framangreinda lagaskyldu.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar rekur tvö áfangaheimili, Brautina fyrir karla og áfangaheimili að Njálsgötu fyrir konur. Þá hefur velferðarsvið gert samning við tvo aðila um rekstur áfangaheimila, Samhjálp um rekstur áfangaheimilis á Miklubraut og SÁÁ um áfangaheimilið Vin.

Velferðarsvið hefur ótal sinnum kallað eftir stefnumótun af hálfu félagsmálayfirvalda ríkisins varðandi rekstur áfangaheimila en án árangurs. Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála hefur ekki heldur sett fram neinar leiðbeiningar um starfsemina. Engar reglur eru til um áfangaheimili að undanskildum ofangreindum reglum Reykjavíkurborgar. Einu lagaheimildirnar um áfangaheimili má finna í húsaleigulögum, lögum um húsæðisbætur og lögheimilislögum.

Í 3. mgr. 2. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994, sbr. lög nr. 63/2016 segir: „Þegar um leigu íbúðarhúsnæðis á áfangaheimili eða leigu íbúðarhúsnæðis til námsmanna á vegum lögaðila sem ekki er rekinn í hagnaðarskyni og hefur þjónustu við námsmenn að meginmarkmiði er að ræða er þrátt fyrir 1. mgr. heimilt, vegna sérstaks eðlis og tilgangs starfseminnar, að víkja frá einstökum ákvæðum laga þessara með samningi. Í samningi ber að geta þeirra fráviks sem um ræðir. Með áfangaheimili er átt við dvalarheimili sem starfrækt er með það að markmiði að stuðla að endurhæfingu einstaklinga sem í flestum tilfellum hafa verið á meðferðar- eða endurhæfingarstofnun eða í fangelsi.“

Í 3. gr. laga um húsæðisbætur, nr. 75/2016 er áfangaheimili skilgreint svo: „Áfangaheimili: Dvalarheimili sem starfrækt er með það að markmiði að stuðla að endurhæfingu einstaklinga sem í flestum tilfellum hafa verið á meðferðar- eða endurhæfingarstofnun eða í fangelsi.“ Í 10. gr. Sömu laga er svo kveðið á um undanþágu til greiðslu húsæðisbóta til þeirra sem dvelja á áfangaheimilum þótt þeir eigi ekki skráð lögheimili þar.

Í 3. gr. Laga um lögheimili og aðsetur nr. 80/2018, sem fjallar um frávik frá meginreglu um lögheimilisskráningu segir: „Heimilt er að skrá tímabundið lögheimili á skráðum áfangaheimilum, í starfsmannaþúðum og sambærilegu húsnæði enda sé fyrir hendi leyfi til reksturs starfseminnar.“

Eins og glögggt má sjá eru heymildir rýrar og þörf á stefnumótun í málaflokknum.

## Reglur Reykjavíkurborgar um styrki til áfangaheimila

### 1.gr.

#### Skilgreining

Áfangaheimili er tímabundinn dvalarstaður fyrir einstaklinga sem hafa átt við áfengis- og fíkniefnavanda að stríða en eru í virkri endurhæfingu eftir meðferð. Þar geta þeir dvalið og undirbúið sig fyrir sjálfstæða búsetu. Við komu á áfangaheimilið er gerður samningur um dvöl á heimilinu þar sem sett eru markmið sem einstaklingurinn vinnur að meðan hann býr þar.

### 2. gr.

#### Forsendur styrkveitinga

Forsendur styrkveitinga til áfangaheimila er eftirfarandi:

- Að heimili hafi sannanlega verið í rekstri í a.m.k. 6 mánuði og að sannanlega séu gerðir samningar við einstaklinga um markmið og vinnu við endurhæfingu.
- Að skilað hafi verið inn ársreikningi eða ef um nýja starfsemi er að ræða árshlutareikningi, árituðum af fagaðila

### 3.gr.

#### Forsendur upphæðar styrkja

Styrkir til áfangaheimila eru reiknaðir út frá:

- fastri fjárhæð pr. einstakling sem nemur grunnfjárhæð húsaleigabóta hverju sinni. Upphæðin er endurskoðuð árlega í tengslum við fjárhagsáætlunargerð.
- fjöldi rýma á heimilinu
- nýtingu rýma fyrra árs á heimilinu
- hlutfall Reykvíkinga í nýttum rýmum á fyrra ári

### 4.gr.

#### Umsóknir

Sækja þarf um styrki á umsóknareyðublaði Velferðarsviðs um áfangaheimili þar sem fram koma m.a. upplýsingar um fjölda rýma á heimilinu. Greitt er tvisvar á ári og þarf umsókn að berast fyrir hvora útborgun innan ákveðins tímamarka skv. 4. gr. þessara reglna.

### 5.gr.

#### Tímamörk umsókna

Umsókn um styrk vegna fyrri hluta árs þarf að berast eigi síðar en 1. október árið á undan. Umsókn um styrk vegna seinni hluta árs þarf að berast eigi síðar en 15. ágúst sama ár og sótt er um fyrir.

### 6.gr.

#### Tímamörk skila á fylgigögnum

Tölulegar upplýsingar fyrra árs ásamt nafna- og kennitölulista notenda úrræðisins sem skilað er á sérstöku eyðublaði frá Velferðarsviði þarf að berast Velferðarsviði Reykjavíkurborgar eigi síðar en 15. janúar sama ár og sótt er um fyrir. Ársreikningi árituðum af fagaðila ber að skila eigi síðar en 15. ágúst.

### 7.gr.

#### Mannréttindastefna

Þeim aðilum sem veittur er styrkur ber í verkefnum sínum að fylgja mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var í borgarstjórn þann 16. maí 2006.